

## Kveðja frá forstjóra

### Skoðun á aðgengi að mjólkurhúsum

Eins og áður hefur verið greint frá verður í sumar unnið á vegum SAM, samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, skoðun á aðgengi að mjólkurhúsum. Tilgangurinn er að kortleggja stöðuna, meta aðgengi mjólkurbíla, aðkomu í mjólkurhús og tækjabúnað með það að markmiði að geta betur skipulagt söfnunarkerfi innvigtunaraðila og lagt drög að stöðlum og þar með hugmyndum um úrbætur. Árangurinn verður bestur ef verkið er unnið í góðu samstarfi og með stuðningi framleiðenda.

Framkvæmd skoðunarinnar verður í höndum Kristófers Sverrissonar, fyrrum framleiðslustjóra í mjólkursamlaginu á Blönduósi. Hann mun í sumar og haust ferðast um landið með mjólkurbílum og leggja staðlað mat á aðstæður. SAM hefur þegar gengið frá matsblöðum og mælikvörðum og gert er ráð fyrir að verkið hefjist um miðjan júlí. Hægt er að skoða þessi blöð á heimasíðu SAM, SAM.is. Úrvinnsla gagna verður hjá SAM og gert er ráð fyrir að niðurstöður liggja fyrir síðar á þessu ári. Hafi einhver spurningar um framkvæmd skoðunarinnar geta þeir haft samband við Jón K. Baldursson, gæðastjóra Mjólkursamsölnunar [jonkb@ms.is](mailto:jonkb@ms.is) eða í síma 569 2200.

Gert er ráð fyrir því að tilkynning verði send með mjólkurbílum um heimsókn Kristófers með tveggja til fjögurra daga fyrirvara. Það gefur forsvarsmönnum viðkomandi búa færi á að vera til staðar þegar Kristófers er von og koma á framfæri við hann athugasemdum ef einhverjar eru.

Þessi skoðun tengist vinnu við hagræðingu í flutningakerfum





um land allt og viðleitni til að draga úr kostnaði. Það eru fyrst og fremst hagsmunir framleiðenda. Nauðsynlegt er að söfnunarkerfið sé fljótvirkt og skilvirkt. Því er mikilvægt að allt aðgengi sé gott og bílar og menn eigi gott með að athafna sig.

Á hverju ári eru um 100 þúsund heimsóknir mjólkurbíla til framleiðenda. Það liggur því í augum uppi að það skiptir máli hvernig aðkoma og umgjörð er í og við mjólkurhús. Á sama tíma eru mjólkurbílar að stækka. Á myndinni sem fylgir gefur að líta stærsta bíl Mjólkursamsölnunnar sem nú ber 18 þúsund lítra. Ekki er langt síðan ó þúsund lítra bílar voru í notkun. Flestir bílar fara um með aftanívagna á að minnsta kosti hluta leiða sinna og þeir geta borið allt að 18 þúsund lítra. Það liggur því í augum uppi að umbúnaður við fjós hefur þurft að taka breytingum. Skoðunin nú er gerð með það fyrir augum að taka stöðuna og meta með hvaða hætti best er að liðsinna framleiðendum þar sem gera þarf breytingar.




## Útflutningsverð hætt að lækka að sinni

Viðskipti á alþjóðamarkaði með undanrennuduft og smjör gefa vonir um að lokið sé í bili verðlækkunarferlinu sem staðið hefur frá því um mitt síðasta ár. Verðið var komið mjög nærri svokölluðu inngripsverði Evrópusambandsins. Sú verðþróun sem fram kemur á myndunum sem hér fylgja af verði á Evrópumarkaði fyrir undanrennuduft og smjör gefa þó enn ekki tilefni til að spá verðhækkun á umframmi mjólk. En guð láti gott á vita.



Meðal þess sem hefur áhrif á skilaverðið hér heima er magn umframmi mjólkurframleiðslunnar. Enn er ekkert lát á framleiðsluaukningu frá fyrra ári. Það þýðir að hærra hlutfall umframmi mjólkur fer í afurðir sem gefa minna af sér en var á fyrra ári. Hér að neðan fylgir mynd sem sýnir mjólkurframleiðsluna og breytingar milli ára. Rauða línan sýnir framleiðslu þessa árs, sú bláa er árið 2011 og sú græna er árið 2010. Þetta bendir til þess að útflutningur mjólkurafurða verði að minnsta kosti sem nemur 14 milljónum lítra. Mikil framleiðsla á fyrri hluta ársins eykur árstíðasveiflu í afkomu Mjólkursamsölunnar. Félagið kaupir á þessum árstíma nær alla mjólk á afurðastöðvaverði, en hærra hlutfall framleiðslunnar fer til útflutnings þar sem skilaverð er lágt. Það kemur niður á afkomunni. Þetta réttist svo af á seinni hluta ársins vegna þess að framleiðendur klára að framleiða upp í kvóta fyrir en áður og félagið fer því að sama skapi fyrir að greiða umframmi mjólkurverð fyrir framleiðsluna. Það bætur afkomuna á seinni hluta ársins.



## Sala er í samræmi við áætlanir það sem af er árinu

Það sem af er þessu ári hefur sala á mjólkurafurðum verið nokkurn veginn í samræmi við áætlanir. Framan af varð þess vart að þyngra var undir fæti en á sama tíma í fyrra, en góð sala í maí rétti af þar sem uppá vantaði. Margt bendir til þess að aukinn fjöldi ferðamanna bæti nú upp slakari innanlandsneyslu. Mjólkursamsalan hefur



sett á markað nokkrar nýjungar í ár sem öllum hefur verið vel tekið. Þar má sérstaklega nefna ostana Dala Auði og Ljót. Einnig Hleðsluskyr, sem kom á markað í vor, bætt með hágæða mysupróteinum, og sömuleiðis sumarijógurt með

íslenskum krækiberjum. Þetta er í fyrsta sinn sem fyrirtækið notar íslensk ber í afurðir sínar og áhugi er á að gera fleiri slíkar tilraunir.

Það sem af er þessu ári hefur sala á drykkjarmjólk dregist saman um 2,8%. Mestur samdráttur hefur orðið í sölu í svokölluðum Brik lítsumbúðum, en á sama tíma hefur farið mjög vel af stað sala á D vítamínbættu léttmjólk og sala á Fjörmjólk í umbúðum með tappa. Gert er ráð fyrir að bjóða uppá fleiri tegundir drykkjarmjólkur í umbúðum með tappa um næstu áramót.



Með kveðju,  
Einar Sigurðsson forstjóri